

249. fundur Skólanefndar FS

12. febrúar 2002



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Stefanía Ólafsdóttir,
Karl Hermannsson, Pétur Brynjarsson,
áheyrnarfulltrúinn Ellert Hlöðversson, Oddný Harðardóttir
aðstoðarskólameistari og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf vorannar.
 2. Úttekt á sjálfsmatskerfi skóla.
 3. Ársskýrsla 2001 og ársáætlun 2002.
 4. Önnur mál.

1. Upphaf vorannar.

Skólameistari sagði frá upphafi annarinnar og kynnti dagatal vorannar. Hann sagði einnig frá nýju skólakerfi. Nemendur eru um 640 sem er heldur meira en á undanförnum vorönnum. Skólameistari og fulltrúi nemenda sögðu frá þemadögum sem eru framundan. Einnig rætt um brautakynningu, fjölda nemenda á einstökum brautum og kynningu í grunnskólum. Nemendur í öldungadeild eru rúmlega 220. Fjárhagsstaða skólans var góð við uppgjör um áramótin.

2. Úttekt á sjálfsmatskerfi skóla.

Aðstoðarskólameistari sagði frá sjálfsmatskerfi skólans og úttekt sem menntamálaráðuneytið mun gera á kerfinu á næstunni. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með það starf sem hefur verið unnið á þessu sviði.

3. Ársskýrsla 2001 og ársáætlun 2002.


Skólameistari sagði frá skýrslu og áætlun sem á að skila til menntamálaráðuneytis. Skólameistari gengur frá þessum gögnum í samráði við formann og sendir nefndarmönnum.

4. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá stöðu mála við undirbúning nýbyggingar. Einnig rætt um bílastæðamál og skólaakstur.
- b) Jón Pálmi Skarphéðinsson hefur sótt um launalaust leyfi næsta vetur. Skólanefnd samþykkir leyfið fyrir sitt leyti.

- c) Rætt um dansleik á vegum nemendafélagsins í tengslum við væntanlega þemadaga.
- d) Skólameistari sagði frá því að kostnaðaráætlun fyrir 7-10 mínútna kynningarmyndband er 500-600 þús. kr.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari
Sunnubraut 36
230 KEFLAVÍK

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
sími: 560 9500, bréfasími: 562 3068
netfang: postur@mrn.stjr.is
veffang: menntamalaraduneyti.is

Reykjavík, 17. janúar 2002
Tilvísun: MMR01110086/10.200/SnJ/--

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Gert er ráð fyrir að úttektir á sjálfsmatsaðferðum allra framhaldsskóla taki tvær til þrjár annir og hefjist á vorönn 2002 og ljúki á vorönn 2003. Í tilraunaskyni voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum tveggja framhaldsskóla haustið 2001.

Ákveðið hefur verið gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum 14 framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og í Suðurlandskjördæmi á tímabilinu febrúar til apríl 2002 og er Fjölbrautaskóli Suðurnesja einn þeirra.

Menntamálaráðuneytið hefur falið utanaðkomandi aðilum framkvæmd verksins, sbr. fyrrnefnd lagaákvæði. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í hverjum skóla er í höndum a.m.k. tveggja einstaklinga sem hafa menntun og reynslu á sviði gæðastjórnunar og skólastarfs. Úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla byggir m.a. á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsóknum í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda.

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja verður í höndum Önnu Þóru Baldursdóttur og Trausta Þorsteinssonar.

Úttektaraðilar munu á næstunni hafa samband við skólameistara viðkomandi skóla og er þess vænst að hann og aðrir aðilar sem tengjast skólastarfinu veiti allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem tengjast sjálfsmatsferli skólans og úttektaraðilar kunna að óska eftir.

Fyrrgreindum úttektum á að vera lokið í apríl nk. Úttektaraðilar skila menntamálaráðuneytinu niðurstöðum sínum en áður skulu þær hafa verið kynntar skólameistara. Menntamálaráðuneytið mun birta niðurstöður úttektanna á heimasíðu sinni.

Hjálagður er listi yfir þá skóla sem eru í úrtakinu að þessu sinni.

F.h.r.

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Stefán Pálsson'.

Elisabet Handaardóttir

Samrit sent skólanefnd.

Skólar í úttekt á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla vorið 2002

1. Borgarholtsskóli
2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja
3. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
5. Fjölbrautaskólinn við Ármúla
6. Framhaldsskóli Vestmannaeyja
7. Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu
8. Iðnskólinn í Hafnarfirði
9. Kvennaskólinn í Reykjavík
10. Menntaskólinn að Laugarvatni
11. Menntaskólinn í Reykjavík
12. Menntaskólinn við Sund
13. Stýrimannaskólinn í Reykjavík
14. Vélaskóli Íslands

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Mat á skólastarfi

Markmið með sjálfsmati skólans er að meta gæði skólastarfsins og stýra umbótastarfi sem byggist á matinu. Leitast er við að fá svör við eftirfarandi spurningum:

- * Hver eru gæði menntunar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja?
- * Hvað getum við gert til að bæta okkur?

Kannað og metið á árunum 1998 – 2001

Könnun á kennslu

Könnun á störfum stjórnenda

Könnun á líðan nemenda og á samskiptum þeirra við starfsfólk

Mat á stoðkerfinu

Mat og könnun á nýtingu kennslutíma

Dreifing einkunna í öllum námsgreinum greint einnig eftir kyni og aldri

Áreiðanleiki og réttmæti prófa í stærðfræði

Mat á námi, kennslu og árangri í fornámi

Könnun á líðan starfsmanna, starfsanda og samskiptum nemenda og starfsmanna

Könnun á gengi útskrifaðra nemenda

Könnun á tölvunotkun innan skólans og aðgengi nemenda að tölvum

Könnun meðal Suðurnesjamanna á þörf fyrir þjónustu öldungadeildar

Árangursríkt skólastarf?

Virðing – Samvinna – Árangur

Í FS er unnið að því að ná þeim árangri að nemendum líði vel í skólanum og að þeir nái betri námsárangri en búast hefði mátt við er þeir hófu nám við skólann.

Að þessu er unnið meðal annars með því að kennarar:

- skiptist á hugmyndum um nám og kennslu og læri hver af öðrum.
- beri saman bækur sínar varðandi einstaka nemendur.
- nýti kennslustundirnar vel til kennslu.
- undirbúi og skipuleggi kennslustundir.
- leggi fram skýrar kennsluáætlanir.
- noti aðferðir við námsmat sem stuðla að réttmæti þess.
- umgangist nemendur með virðingu.

- haldi uppi sanngjörnum aga í kennslustundum og sjái til þess að allir nemendur hafi vinnufrið.
- hafi eftirlit með framgangi nemenda sinna.
- gefi nemendum reglulega upplýsingar um frammistöðu þeirra í námi og leiðir til að ná betri árangri.
- aðlagi sig að nýjungum í kennsluháttum og námskrá.
- taki þátt í umræðum um áherslur og stefnu skólans.
- stuðli að góðum starfsanda með jákvæðni og uppbyggilegri gagnrýni.
- velji endurmenntunarnámskeið í samræmi við markmið og áherslur skólans.

Stjórnendur skólans leggja sig fram við að:

- vinna að staðfastri og ákveðinni nálgun í stjórnun með þátttöku starfsmanna.
- vinna að sameiginlegum markmiðum kennara, annarra starfsmanna og stjórnenda og sýn á skólastarfið.
- vinna samkennd brautargengi.
- vinna að einingu starfsmanna um tilgang skólastarfsins og að framkvæmd verði mótsagnalaus.
- fylgjast með störfum starfsmanna og hrósa þeim fyrir vel unnin verk.

Einkenni árangursríkra skóla

Fagleg forusta: Forusta fagmanns, staðföst og ákveðin nálgun í stjórnun með þátttöku starfsmanna.

Sameiginleg markmið og sýn: Eining starfsmanna um tilgang og mótsagnalaus framkvæmd.

Samvinna: Samkennd og samstarf.

Lærdómsumhverfi: Agað andrúmsloft og aðlaðandi starfsandi.

Áhersla á nám og kennslu: Kennslutími vel nýttur, áhersla á námsárangur, skilvirkni, skýr tilgangur, skipulagðar kennslustundir, aðlögunarhæfileiki.

Miklar væntingar gerðar til allra, kröfur ræddar, vitsmunalegar áskoranir.

Jákvæð styrking: Agi, skýr og sanngjarn, endurgjöf og hrós fyrir vel unnin verk.

Eftirlit: Eftirlit með framgangi nemenda, mat á skólastarfinu.

Réttindi og skyldur nemenda: Sjálfsálit nemenda gott, ábyrgð og áhrif á vinnu.

Menntun fyrir alla: Starfsmannapróun byggð á þörfum skóla.

Samvinna og stuðningur: Tengsl og samstarf við foreldra.

Ársskýrsla 2001

Hlutverk

Fjölbrautaskóli Suðurnesja starfar samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknaðsbrautum, eins til tveggja ára nám á starfsbrautum og kennsla til lokaprófs á iðn- og verknámsbrautum, allt með áfanga og fjölbrautasniði. Skólinn er kjarnaskóli í neta- og veiðafæragerð skv. sérstökum samningi. Skólinn stuðlar að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við 2. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

Skólinn leitast við að vera með fjölbreytt námsframboð við hæfi þeirra sem sækja um skólavist og að námsframboðið taki mið af þörfum þess umhverfis sem skólinn starfar í. Áhersla er lögð á samstarf við foreldra ósjálfráða nemenda og námsráðgjöf.

Helstu breytingar árið 2001

Árið 2001 var unnið að breytingum í kjölfar kjarasamninga við kennara. Fyrir kjarasamningana var umsjón með nýnemum í höndum kennara en umsjón með eldri nemendum í höndum eins starfsmanns. Breytingar á umsjón með nemendum urðu þær helstar að allir kennarar höfðu umsjón með hér um bil 20 nemendum hver. Umsjónarkennarar nýnema voru með umsjón með um 10 nemendum hver. Skyldur umsjónarkennara voru skilgreindar og fólust einkum í upplýsingagjöf, samstarfi við foreldra og aðstoð við námsval. Skólasókn nemenda var skoðuð sérstaklega, fimm sinnum á hvorri önn, og ef mæting reyndist undir 85% fengu nemendur og foreldrar ósjálfráða nemenda sent bréf þar sem staða mála var skýrð og til hvaða aðgerða þyrfti að grípa svo nám nemendanna mætti skila árangri.

Stjórnunarhlutfall aðstoðarskólameistara var aukið úr 91% í 100% og stjórnunarhlutfall áfangastjóra var aukið úr 80% í 100%. Verkefnastjóri sem vinnur að verkefnum tengdum stjórnun var ráðinn í 60% starfshlutfall.

Vinna við skólanámskrá hafði forgang á árinu og tókst að ljúka öllum köflum hennar nema köflum um starfsmannastefnu, sjálfsmat og námsmat.

Á námsbraut fyrir fatlaða nemendur með sérþarfir (starfsbraut) voru innritaðir 10 nemendur haustið 2001. Ráðinn var þroskaþjálfari sem umsjónarmaður brautarinnar og stuðningsfulltrúi til aðstoðar. Fimm kennarar skólans komu að kennslu við brautina og var greitt fyrir samtals 50,1 kennslustund með 17% álagi. Í kennslustofuna voru keyptar tvær tölvur ásamt prentara og forritum til sérkennslu. Einnig var fest kaup á stólum og borðum við hæfi nemendanna.

Almenn braut var með nýju sniði á haustönn 2001. Um 100 nemendur stunduðu nám á brautinni og við námsval þeirra var haft í huga áhugi og geta hvers og eins.

Á haustönn 2001 var hafin kennsla á upplýsinga- og fjölmiðlabraut samkvæmt nýrri námskrá fyrir framhaldsskóla. Einnig var hafin kennsla á tölvufræðibraut að fyrirmynd Iðnskólans í Reykjavík. Aðsókn að báðum brautunum var góð og gekk nám og kennsla vel.

Á haustönn 2001 var unnið að því að skilgreina árangursríkt skólastarf og forsendur frammistöðumats með samstarfsnefnd og sjálfsmatsnefnd skólans.

Skýringar á helstu frávikum frá áætlun í skólasamningi

Boðið var upp á nám í málmiðngreinum, fyrri hluta eins og undanfarin ár. Ekki var unnt að halda uppi kennslu á brautinni á haustönn 2001 því aðeins þrír nemendur sóttu um. Kennarar brautarinnar unnu tillögur að kynningu á brautinni meðal grunnskólanemenda og nemenda á almennri braut skólans.

Við öldungadeild skólans stunduðu um 190 nemendur nám á árinu 2001, en í skólasamningi var gert ráð fyrir 118. Það er stefna skólans að sinna þeim fullorönu nemendum sem sækja um að stunda nám við öldungadeildina og því var tekin sú ákvörðun að kenna þá áfanga þar sem nægileg þátttaka náðist. Fjárhagslegur rekstur deildarinnar var erfiður á árinu og ekki hægt að reka hana miðað við þær forsendur sem henni var ætlað að starfa eftir. Kostnaður við rekstur deildarinnar var um þremur milljón krónum meiri en gert var ráð fyrir í fjárveitingum til skólans.

Þar sem vinnan við breytingar í kjölfar kjarasamninga kennara var tímafrek og að kraftar kennara og stjórnenda beindust að því forgangsverkefni að ljúka við samningu skólanámskrár var minni áhersla lögð á sjálfsmat skólans en gert var ráð fyrir í skólasamningi.

Áform voru uppi um að hefja kennslu á flugþjónustubraut en ekki tókst að ganga frá skipulagi náms á brautinni í tæka tíð.

Viðhald fasteigna

Á árinu yfirtóku Fasteignir ríkisins umsjón með viðhaldi skólabygginga. Samstarf skólans og Fasteigna ríkisins var gott á árinu 2001. Vegna þráláts leka var þakpappi á yngstu álmu skólans endurnýjaður, en annars var unnið að nauðsynlegum endurbótum og viðhaldi í samræmi við fyrri áætlanir. Fyrir liggur húsrýmisáætlun frá Verkbjónustu Kristjáns ehf, Hafnarfirði, þar sem tekið er mið af fyrirhugaðri stækkun skólans og nauðsynlegum endurbótum vegna brunamála samkvæmt skýrslu brunaeftirlitsins.

Húsnæðismál

Haldnir hafa verið reglulegir fundir í bygginganefnd FS auk fjögurra funda með fulltrúum menntamálaráðuneytisins. Samkomulag náðist milli fulltrúa menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaga á Suðurnesjum um nauðsyn 2800m² viðbyggingar til að mæta þörfum skólans í dag og til að mæta nemendapróun sem fyrirjáanleg er á Suðurnesjum næstu árin. Þá er samkomulag um að gerðar verði breytingar á eldra húsnæði til að mæta nauðsynlegum öryggiskröfum og tengja

byggingar saman til að tryggja heildarskipulag og útlit skólans. Drög að samningi lágu fyrir í lok ársins. Unnið var að málinu 2001 þannig að samningur lægi fyrir í upphafi árs 2002.

Fjármál

Nokkuð erfitt er að gera sér grein fyrir einstökum liðum í fjárhagsrekstri skólans á vorönn vegna röskunar sem varð á skólastarfinu vegna verkfalls framhalds-skólakennara. Yfirlit um fjárhagsstöðu skólans hefur verið unnið í júní ár hvert og á þeim grundvelli hafa verið gerðar áætlanir fyrir haustönn. Þrátt fyrir nokkurn afgang af fjárlögum ársins á undan var töluverð óvissa um stöðu skólans á miðju ári. Þessi óljósa staða auk óvissu um kostnað vegna kjarasamnings kennara gerði það að verkum að stjórnendur skólans ákváðu að gæta sérstaks aðhalds og fara varlega við skipulag kennslu og þjónustu á haustönn. Nokkrum fjármunum var varið umfram áætlun til tölvukaupa og endurnýjun búnaðar. Afkoma skólans samkvæmt meðfylgjandi bráðabirgðauppgjöri síðasta árs gefur þó til kynna að skólinn verði innan fjárheimilda.

Rekstur 2001 15. febrúar 2002

	Tekjur
Innistæða frá fyrra ári	13.726.000 kr.
Framlag úr ríkissjóði	300.429.000 kr.
Sértekjur	<u>20.601.695 kr.</u>
Samtals	334.756.695 kr.

	Gjöld
Laun í dagskóla	219.388.874 kr.
Laun í öldungadeild	13.835.963 kr.
Önnur laun	20.350.544 kr.
Rekstur	48.527.635 kr.
<u>Eignakaup</u>	<u>19.250.000 kr.</u>
Samtals	321.353.016 kr.

Mismunur	<u>13.403.679 kr.</u>
	334.756.695

Ársáætlun 2002

Langtímamarkmið

Að setja fram á skipulegan hátt stefnu, áherslur og námsframboð Fjölbrautaskóla Suðurnesja og gera nemendum, forráðamönnum og öðrum kleift að nálgast upplýsingarnar á auðveldan hátt

Deilimarkmið

Að skólanámskrá sé aðgengileg á vef skólans www.fss.is og að þar séu upplýsingar uppfærðar einu sinni í viku.

Að ljúka við samningu á þeim þremur köflum sem vantar í skólanámskrá.

Aðgerðaáætlun

- Áfangastjóri sér um ritstjórn skólanámskrár og áfangastjóri og bókasafnsfræðingur um uppfærslu efnis á vef skólans. Þau hittist einu sinni í viku og oftast ef þurfa þykir og yfirfari og uppfæri skólanámskrána.
- Lokið verði við samningu þeirra kafla sem ekki eru fullfrágengnir þ.e. kaflar um sjálfsmatskerfi, starfsmannastefnu og námsmat.

Langtímamarkmið

Meta gæði skólastarfsins og vinna eftir umbótaáætlunum sem byggjast á matinu

Deilimarkmið

Að endurskoða sjálfsmatskerfi skólans og ákveða sjálfsmatsverkefni næstu þriggja ára. Metnir verði þeir þættir sem samkvæmt rannsóknum sýna að eru sameiginlegir skólum sem virðast ná betri árangri en aðrir.

Að vinna í samvinnu við samstarfsnefnd skólans að forsendum fyrir frammistöðumati kennara.

Aðgerðaáætlun

- Matsnefnd skólans hannar spurningalista sem lagður verður fyrir nemendur þar sem spurt er um atriði sem talin eru auka líkur á árangursríku skólastarfi, þar á meðal kennslu og framkomu kennara. Spurningalistinn verði lagður fyrir kennarafund 1. mars.
- Nemendur svari spurningalistunum í mars og í október. Kennarahópnum verði skipt í tvennt og annar hópurinn metinn á vorönn en hinn á haustönn. Unnið verði úr niðurstöðunum með aðstoð tölfræðiforrits og þær kynntar viðkomandi kennurum og þeim stjórnanda sem hefur við þá starfsmannasamtal.
- Á vorönn leggur matsnefnd fram tillögur um sjálfsmat kennara, mat stjórnenda á störfum kennara og um hvað verði rætt í starfsmannasamtölum og hvernig verði unnið úr samtölunum.
- Lýsing á sjálfsmatsverkefnum sem unnin verða næstu þrjú árin liggi fyrir 1. maí.

Langtímamarkmið

Að vinna gegn brottfalli nemenda

Deilimarkmið

Að minnka brottfall nemenda úr áföngum um 1%.

Aðgerðaáætlun

- Tilraun verði gerð á haustönn með 40 nemendum á almennri braut. Fjórir kennarar nemendanna fundi um framgang þeirra vikulega og hafi samband við nemendur, forráðamenn þeirra og námsráðgjafa um leið og erfiðleikar koma í ljós. Unnið verður úr tilrauninni að loknum prófum í desember og kannað hvort minna brottfall sé með þessum 40 nemendum en öðrum nemendum á almennri braut. Tilraunin metin og umsjón með öllum nemendum á almennri braut skipulögð með matsniðurstöður í huga.
- Námsbrautir skólans sem nemendum stendur til boða að stunda nám á að loknu námi á almennri braut verði kynntar nemendum brautarinnar í febrúar.
- Kynnt verði á fundi 1. mars hugmynd um hópþónus í formi eingreiðslu í árslok til allra kennara ef kennarahópurinn í heild nær þeim árangri að brottfall verði minna en meðaltal seinustu 5 ára.
- Allir kennarar skólans taka umsjónarnemendur sína í einkaviðtal einu sinni á hverri önn og ræða námsval og námsgengi.

Langtímamarkmið

Að veita nemendum skólans sem ekki hafa alist upp á Íslandi og hafa því annan menningarbakgrunn og annað móðurmál en íslensku, aðstoð við hæfi hvers og eins þannig að þeir geti á sein skemmstum tíma aðlagast skólastarfinu og íslensku samfélagi

Deilimarkmið

Að móta tillögur um nauðsynlega og æskilega þjónustu við nýbúa.
Að styrkja íslenskukennslu frá því sem nú er og aðstoð við heimanám.
Að auðvelda aðlögun nýbúa að skólastarfinu með aðstoð eldri nemenda skólans.

Aðgerðaáætlun

- Í febrúar verði skipuð nefnd sem í sitja skólameistari, umsjónarkennari nýbúa og námsráðgjafi. Nefndin setur saman áætlun um stoðkerfi fyrir nýbúa sem unnið verður eftir á árinu.
- Í febrúar verða fengnir 4 útskriftarnemendur til að aðstoða nýbúa í einstökum kennslustundum sem þeir sækja á vorönn.
- Nýbúum verður veitt sérstök aðstoð í stoðtímum sem eru fjórum sinnum í viku.
- Í febrúar munu fulltrúar frá Alþjóðahúsinu halda fyrirlestur fyrir alla kennara skólans um fordóma gegn nýbúum.

Langtímamarkmið

Að allir nemendur skólans geti nýtt sér upplýsingatækni í námi

Deilimarkmið

Að skipuleggja kennslu í SAM-áfanga þannig að helmingur verkefna verði unnin með aðstoð tölvu og upplýsingatækni.
Að bjóða kennurum skólans upp á námskeið í notkun upplýsingatækni í námi á haustönn og skapa tækifæri fyrir kennara til að kynna tilraunir sínar í kennslu með aðstoð upplýsingatækni.
Að fjölga fartölvuvögnum um tvo.
Að auka upplýsingaöryggi vegna tölvunotkunnar í skólanum.

Aðgerðaáætlun

- Til viðbótar þeim 22 fartölvum sem búið er að úthluta kennurum verður 5 fartölvum á haustönn úthlutað til kennara á grundvelli umsókna um notkun upplýsingatækni í einstökum áföngum.
- Einn fartölvuvagn með 12 fartölvum verður keyptur á haustönn til viðbótar þeim tveimur vögnum sem til eru.
- Á vorönn verður fest kaup á 2 skjávörpum og 2 sjónvarpsskjám sem tengja má við tölvu, til notkunar í kennslustofum.
- SAM-áfangar hafi forgang að notkun eins tölvuvagns og tölvukennarar komi þar í kennslustundir og verði kennurum og nemendum til aðstoðar þegar vagninn er í notkun.
- Allir kennarafundir ársins 2002 byrji með 15 mín kynningu frá tveimur kennurum. Kennararnir kynna tilraunir sínar með notkun upplýsingatækni í námi.
- Uppsetning örbylgjusenda verði lokið alls staðar í skólahúsnæðinu.
- Vinnu við handbók um öryggisstefnu skólans verði að fulli lokið í apríl.

Langtímamarkmið

Að efla raungreinakennslu

Deilimarkmið

Að verklegum æfingum í raungreinaáföngum verði fjölgað um 50%.

Að ónothæfur tækjakostur verði endurnýjaður.

Að bjóða upp á nýja valáfanga í eðlis- og jarðfræði.

Aðgerðaáætlun

- Á vorönn verður unnið að skipulagi og uppsetningu verklegra æfinga.
- Á vorönn verða keyptar 6 nýjar smásjár.
- Á haustönn verða verklegar æfingar í raungreinaáföngum ekki færri en 7 í hverjum áfanga.
- Áætlun unnin um nauðsynlegan búnað í raungreinastofu með kostnaðaráætlun á haustönn.
- Skipulagðir námsáfangar í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja á haustönn. Þar verður gert ráð fyrir að aðstaða Hitaveitunnar verði notuð til kennslu og sérfræðipækking innan Hitaveitunnar nýtt. Áfangalýsingar og námsefni liggi fyrir í árslok 2002.

Langtímamarkmið

Að nýta sem best þá fjármuni sem skólinn hefur til ráðstöfunar til þess að ná þeim markmiðum sem skólanum er ætlað að sinna samkvæmt lögum og þeim markmiðum sem skólinn setur sér sjálfur

Deilimarkmið

Að útgjöld fari ekki umfram tekjur.

Aðgerðaáætlun

- Ákvarðanir um kennslumagn, önnur kennslutengd verkefni og rekstur verða ávallt teknar með fjárhagsstöðu skólans í huga.

Rekstraráætlun árið 2002

	Krónur
Framlag til starfsbrautar:	17600000 *
Framlag til netagerðar:	2500000
Flutt frá fyrra ári áætlun:	13000000
Fjárlög heild með sértekjum:	299000000
Samtals:	332100000

	Krónur
Kennsla í dagskóla:	220000000
Kennsla á starfsbraut:	17600000 *
Kennsla í öldungadeild:	13700000
Laun aðrir starfsmenn:	20000000
Ræsting:	8000000
Eignakaup og rekstur:	54900000
Laun, eignarkaup og rekstur samtals:	334200000

	Krónur
Mismunur:	-2100000 **

*Gert er ráð fyrir tveimur námshópum á haustönn 2002.

**Mismunur þessi er vegna reksturs öldungadeildar en honum fylgir meiri kostnaður en fjárlög gera ráð fyrir, samanber athugasemd í skólasamningi fyrir árið 2002.

Ákvarðanir um kennslumagn og rekstur á haustönn verða teknar með fjárhagsstöðu skólans í huga í júní 2002.

Þetta sýnir hvernig viðhorf Keflvíkinga dreifðust eftir aldri.

Myndir þú nota vagnana ef tímaáætlunin passaði

aldur	já	nei
16	39,2%	60,8%
17	38,5%	61,5%
18	32,1%	67,9%
19	26,1%	73,9%
20>	14,3%	85,7%
heild	31,4%	68,6%

Hvernig kemurðu í skólann á morgnana?

aldur	Með strætó	Með einkabíl	Á eigin bíl	Gangandi	Hjólandi
16	3,4%	29,3%	10,3%	46,6%	10,3%
17	10,3%	24,1%	31,0%	27,6%	6,9%
18	0,0%	30,0%	33,3%	36,7%	0,0%
19	4,0%	8,0%	56,0%	28,0%	4,0%
20>	0,0%	9,7%	54,8%	32,3%	3,2%
alls	3,5%	22,0%	32,4%	36,4%	5,8%

Notar þú vagnana já

aldur	alltaf	stundum	sjaldan	aldrei
16	0,0%	15,0%	12,5%	72,5%
17	0,0%	11,8%	23,5%	64,7%
18	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
19	13,3%	6,7%	26,7%	53,3%
20>	0,0%	4,8%	4,8%	90,5%
alls	1,9%	9,6%	13,5%	75,0%

Nota ekki vagnana vegna þess

aldur	Tímaáætlunin				
	passar ekki, kem of seint		Vil fara öðruvísi í skólann		Tekur of langan tíma Annað
	Of dýrt	Of dýrt	Öðruvísi í skólann	Tekur of langan tíma	
16	25,6%	2,6%	28,2%	17,9%	41,0%
17	43,8%	6,3%	37,5%	6,3%	18,8%
18	19,2%	19,2%	19,2%	19,2%	19,2%
19	40,0%	0,0%	33,3%	20,0%	13,3%
20>	0,0%	10,0%	35,0%	15,0%	45,0%
alls	22,2%	3,2%	31,7%	12,7%	30,2%

Aldursdreifing Njarðvíkinga sem tóku þétt.

aldur	Tíðni	Hlutfall
16	13	21,7
17	10	16,7
18	19	31,7
19	8	13,3
20>	10	16,7
Alls	60	100

Hvernig kemurðu í skólann á morgnana?

aldur	Með strætó	Með einkabíl	Á eigin bíl	Gangandi
16	40,0%	40,0%	0,0%	20,0%
17	20,0%	10,0%	70,0%	0,0%
18	5,3%	31,6%	52,6%	10,5%
19	0,0%	25,0%	62,5%	12,5%
20>	0,0%	18,2%	63,6%	18,2%
alls	14,3%	25,0%	50,0%	10,7%

Notar þú vagnana já

aldur	alltaf	stundum	sjaldan	aldrei
16	20,0%	40,0%	20,0%	20,0%
17	12,5%	12,5%	0,0%	75,0%
18	5,6%	5,6%	33,3%	55,6%
19	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
20>	0,0%	11,1%	22,2%	66,7%
alls	7,8%	13,7%	19,6%	58,8%

Nota ekki vagnana vegna þess

aldur	Tímaáætlunin passar ekki, kem of seint	Vil fara öðruvísi í skólann	Tekur of langan tíma	Annað
16	44,4%	0,0%	11,1%	44,4%
17	50,0%	0,0%	25,0%	25,0%
18	28,6%	42,9%	14,3%	14,3%
19	0,0%	33,3%	33,3%	33,3%
20>	33,3%	16,7%	0,0%	50,0%
alls	36,4%	15,2%	15,2%	33,3%

Myndir þú nota vagnana ef tímaáætlunin passaði

aldur	já	nei
16	84,6%	15,4%
17	40,0%	60,0%
18	33,3%	66,7%
19	25,0%	75,0%
20>	30,0%	70,0%
alls	44,1%	55,9%

Hvernig kemurðu í skólann á morgnana?

	Með strætó	Með skólarútnni	Með einkabíl	Á eigin bíl	Gangandi	Hjólandi	annað
Keflavík	3,4%	0,0%	29,2%	29,2%	37,1%	1,1%	0,0%
Njarðvík	15,9%	0,0%	25,4%	46,0%	12,7%	0,0%	0,0%
Garði	0,0%	25,0%	28,1%	43,8%	3,1%	0,0%	0,0%
Grindavík	0,0%	72,9%	6,3%	18,8%	0,0%	2,1%	0,0%
Sandgerði	0,0%	29,7%	37,8%	32,4%	0,0%	0,0%	0,0%
Vogum	0,0%	66,7%	0,0%	33,3%	0,0%	0,0%	0,0%
Höfnum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
alls	4,4%	15,9%	25,8%	32,3%	20,5%	0,8%	0,3%

Notar þú vagnana já

	alltaf	stundum	sjaldan	aldrei
Keflavík	1,9%	9,5%	14,3%	74,3%
Njarðvík	7,7%	13,5%	21,2%	57,7%
Garði	16,7%	16,7%	8,3%	58,3%
Grindavík	61,0%	19,5%	9,8%	9,8%
Sandgerði	18,8%	21,9%	21,9%	37,5%
Vogum	40,0%	20,0%	20,0%	20,0%
alls	16,6%	14,3%	15,4%	53,7%

Nota ekki vagnana vegna þess

Tímaáætl

unin

passar

ekki, kem

of seint

Of dýrt

Vil fara

öðruvísi í

skólann

Tekur of

langan

tíma

Annað

	Of seint	Of dýrt	Vil fara öðruvísi í skólann	Tekur of langan tíma	Annað
Keflavík	20,8%	2,5%	32,5%	12,5%	31,7%
Njarðvík	35,3%	2,9%	14,7%	14,7%	32,4%
Garði	5,3%	10,5%	36,8%	36,8%	10,5%
Grindavík	12,5%	12,5%	25,0%	12,5%	37,5%
Sandgerði	13,3%	0,0%	26,7%	40,0%	20,0%
Vogum	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Höfnum	50,0%	50,0%	0,0%	0,0%	0,0%
alls	21,1%	4,5%	28,6%	17,1%	28,6%

Myndir þú nota vagnana ef tímaáætlunin passaði

	já	nei
Keflavík	31,4%	68,6%
Njarðvík	44,1%	55,9%
Garði	46,7%	53,3%
Grindavík	85,0%	15,0%
Sandgerði	54,8%	45,2%
Vogum	80,0%	20,0%
Höfnum	0,0%	100,0%
alls	44,6%	55,4%



Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Ólafur J. Arnbjörnsson
230 Keflavík

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík
sími: 560 9500, bréfasími: 562 3068
netfang: postur@mm.stjr.is
veffang: menntamalaraduneyti.is

Reykjavík, 16. janúar 2002
Tilvísun: MMR02010133//SRÞ/-

Nú þegar fjárlög liggja fyrir er gert ráð fyrir að framhaldsskólarnir skili ársáætlunum ársins 2002 til menntamálaráðuneytisins fyrir 15. febrúar næstkomandi. Afstaða ráðuneytisins til áætlunarinnar mun liggja fyrir í síðasta lagi 1. mars 2002. Einnig er gert ráð fyrir að framhaldsskólarnir skili menntamálaráðuneytinu ársskýrslu fyrir árið 2001, sbr. 5. kafla árangursstjórnunarsamnings, fyrir 15. febrúar 2002.


Við gerð ársáætlunar skal, innan fjárheimilda, taka mið af þeim markmiðum sem fram koma í árangursstjórnunarsamningi skólans og menntamálaráðuneytisins þannig að samræmis gæti og ársáætlunin taki mið af fyrirliggjandi stefnumörkun sem þar kemur fram. Fjárheimildir skulu vera í samræmi við fjárlög auk þess að taka tillit til áætlaðrar afkomu í lok yfirstandandi árs. Þeim skólum, þar sem uppsafnaður rekstrarhalli er umfram 4% af fjárveitingum, ber að grípa til aðgerða og gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem færa reksturinn að heimildum.

Í ársskýrslu á að vera stutt lýsing á starfsemi ársins 2001, samanburður á áætlun ársins og útkomu, auk ársreiknings 2001.

Meðfylgjandi eru nánari lýsingar á innihaldi ársáætlana og ársskýrslna, ársáætlun Fasteigna ríkssjóð, ársskýrsla Tollstjórans í Reykjavík og reglugerð 116/2001 um framkvæmd fjárlaga.

Bent er á mikilvægi þess að dreifing fjárheimilda á mánuði sé í sem bestu samræmi við raunverulega útgjaldaþróun milli mánaða. Meðfylgjandi er útprentun af dreifingu fjárheimilda þessa árs. Ef þörf er á að breyta dreifingunni sem þar kemur fram, þá ber skólanum að leggja fram tillögu þess efnis.

F.h.r.




FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
GREIÐSLUDEILD
VERK : RB1 ÁR: 02

** FJÁRLÖG - GREIÐSLUÁÆTLUN 1 **
** HEILDARÁÆTLUN STOFNUNNAR **

08.02.01

STOFNUN: 02 353 FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

N24B2T1

	HEIMILD ALLS	LAUN	ÖNNUR GJÖLD	EIGNAKAUP	TILFÆRSLUR SÉRTEKJUR
JAN	14.700,0	12.255,0	2.445,0		
FEB	24.549,6	21.078,6	4.401,0		930,0-
MAR	24.877,7	22.059,0	4.058,7		1.240,0-
APR	24.912,4	20.098,2	3.814,2	1.000,0	
MAI	25.743,7	20.098,2	4.645,5	1.000,0	
JUN	31.578,4	26.470,8	4.107,6	1.000,0	
JUL	20.351,5	14.706,0	4.645,5	1.000,0	
AGU	19.422,4	14.706,0	3.716,4	1.000,0	
SEP	18.226,8	14.706,0	3.520,8		
OKT	21.562,2	19.608,0	3.814,2		1.860,0-
NOV	24.208,8	22.059,0	4.009,8		1.860,0-
DES	42.666,5	37.255,2	5.721,3		310,0-
DES2					
SAM	292800,0	245100,0	48900,0	5000,0	6200,0-